



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 29. apríl 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 19:15

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JÞ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Jón Kristinn (JK), Ríkarður Ólafsson (RÓ)

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

Fundargerðir samþykktar.

2. Staða peningamála

HH búin að senda fyrsta reikning af tveimur á bæjinn fyrir nýja gæslubátunum.

MP kominn með kreditkort fyrir minniháttar útgjöld.

3. Ræða viðbrögð við spurningum Geirs Bjarnasonar frá 20. apríl.

Spurningarnar voru sendar á öll íþróttafélög í Hafnarfirði og fjölluðu um áhrif COVID-19 á íþróttastarf og hvort við hefðum áhuga á að búa til störf fyrir fólk sem hugsanlega verður án atvinnu í sumar vegna COVID-19.

4. Staðan á gæslubátunum.

Búið að skipta um olíu á öllum bátunum.

MP búinn að tilkeyra nýja gæslubátinn. Nokkrar betrubætur þarf að gera á honum. Ganga þarf betur frá lensidælu og stýrisbarka. Bensínbrúsi er ekki undir sæti og tekur 17 % af gólfplássi. Setja þarf hífilykkjur.

Svarti báturinn í fínu standi en skipta þarf um stýrisdælu í gamla stóra bátunum.

5. Vefmiðlar og Nóri

Í Nóra er búið að stofna sumarnámskeið og æfingagjöld. Fjölskyldugjaldið er óklárað.

Á vef félagsins sailing.is þarf að uppfæra 2019 í 2020

6. Ábendingarformin

HH býður eftir svari frá Terra varðandi endurvinnslutunnur. Engar nýjar ábendingar bárust.

7. Sjöttubekkjarkynningin

Af 19 bekkjum eru 16 búnir að festa tíma. Fyrirtækið Kerfi býður kakó og kex. Varðandi fjárstuðning handa þeim sem sjá um kynningarnar þá vísar þjónustufulltrúi mennta og lýðheilsusviðs, Vigfús Hallgrímsson því aftur til forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, Geirs Bjarnasonar.

8. Kynningarefni

HH hönnun þrúbrotins bæklings til dreifingar á 6. Bekkjarkynningum langt komin.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

HH útbýr plaköt fyrir grindverk og auglýsingarými í verslunum og stofnunum.

HH athugar með að auglýsa í bæjarblöðum.

9. Önnur mál

JK telur nauðsynlegt fyrir Þyt að eiga sjókayaka til þess að geta gefið nýjum iðkendum færi á að kynna sér íþróttina. Upplifunin sé allt önnur á sjókayak og mun meira spennandi en á þeim kayökum sem Þytur á í dag. Hann lagði til á stefnt verði á að eignast 3-4 notaða sjókayaka á næstu misserum og einn sem fyrst. Það var samþykkt.

RÓ vill hafa hafa fjórar kænuæfingar í viku. Það var samþykkt.

Næsti stjórnarfundur boðaður 13. maí klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 20:30